

Dagskrá aðalfundar Landsbréfa hf. þann 30. apríl 2024 ásamt tillögum

Meðfylgjandi er dagskrá aðalfundar Landsbréfa hf. sem haldinn verður þriðjudaginn 30. apríl 2024 klukkan 16.00 að Reykjastræti 2, 3. hæð í Reykjavík, ásamt þeim tillögum sem fyrir fundinum liggja.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi ásamt þeim tillögum sem fyrir fundinum liggja.

1. Skýrsla stjórnar

Þórunn Jónsdóttir, formaður stjórnar flytur skýrslu stjórnar.

2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar

Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri Landsbréfa, fer yfir ársreikning ársins 2023 sem liggur fyrir fundinum til samþykktar.

3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar

Stjórn leggur til að svohljóðandi ályktunartillögu um ráðstöfun hagnaðar ársins:

„Aðalfundur Landsbréfa samþykkir að greiða 1.000 milljónir króna í arð til hluthafa. Arðgreiðsla skal fara fram innan fjögurra vikna frá samþykkt aðalfundar.“

Um tillöguna:

Tillaga stjórnar um arðgreiðslu er sett fram í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins og að undangengnu eiginfjármatsferli stjórnar.

4. Kjör stjórnar og formanns stjórnar félagsins

Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. leggur til að eftirtaldir verði kjörnir í stjórn félagsins:

Sigríður Hrafnkelsdóttir, sem formaður stjórnar
Anna Bjarney Sigurðardóttir, sem meðstjórnandi
Jón Þorsteinn Oddleifsson, sem meðstjórnandi
og
Einar Þór Harðarson, sem varastjórnarmaður

5. Kjör endurskoðunarfélags

Stjórn leggur til að PriceWaterhouseCoopers ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa hf. fyrir næsta reikningsár.

6. Starfskjarastefna félagsins lögð fram til samþykktar

Stjórn leggur til eftirfarandi starfskjarastefna verði samþykkt á fundinum.

Starfskjarastefna Landsbréfa Lögð fram á aðalfundi Landsbréfa 30. apríl 2024

1. Markmið

Landsbréf leggja áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni félagsins, framþróun og viðunandi arðsemi.

Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma lítið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækní. Félagið leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Þá skulu starfskjör ekki stuðla að óhóflegri áhættutöku að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni.

2. Starfskjör

Samkeppnishæf starfskjör fela í sér að unnt sé að laða að og halda hæfu starfsfólki og að félagið sé samkeppnishæft um starfsfólk þó að laun séu undir hæstu launum í samfélaginu.

Þegar rætt er um að starfskjör skuli ekki vera leiðandi ber m.a. að líta til launaþróunar í víðu samhengi og taka með í reikninginn áhrif á launaþróun almennt. Launakjör fyrirtækja sem eru með því allra hæsta sem tíðkast á vinnumarkaði, en þó ekki hæst, eru talin leiðandi.

Hófleg starfskjör fela í sér að ákvarðanir um laun séu teknar með varkárum hætti og stuðli ekki að miklum eða vaxandi mun í launum, að teknu tilliti til ábyrgðar, verkefna og árangurs. Einnig skal taka eðlilegt tillit til þeirra kjara sem fyrirtæki í meirihluta eigu hins opinbera greiða starfsmönnum sem gegna sambærilegum störfum. Forðast skal miklar launabreytingar á stuttu tímabili. Þess í stað er æskilegra að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti og til samræmis við almenna launaþróun. Laun og önnur hlunnindi skulu vera einföld og gagnsæ eins og kostur er.

3. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfsins, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til stjórnar um þóknun stjórnarmanna fyrir komandi starfsár. Stjórn tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við stjórnarmenn.

4. Starfskjör framkvæmdastjóra

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra. Starfskjör hans skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi, sbr. 2. gr. starfskjarastefnunnar.

Ekki skal gera samninga við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn sem fela í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamninga, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna skal ekki vera lengri en tólf mánuðir, að teknu tilliti til ábyrgðar og verkefna.

5. Breytilegir kjarapættir

Ekki skulu gerðir samningar um kaupauka, þ.e. samninga um starfskjör sem að jafnaði eru skilgreind með tilliti til árangurs og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.

Ef stjórn hyggst taka upp kaupaukakerfi innan félagsins þarf áður að liggja fyrir samþykki hluthafafundar.

6. Upplýsingagjöf

Landsbréf gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ársreikningi. Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu félagsins.

7. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna þessi er samþykkt af stjórn félagsins í samræmi við 21. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og 17. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði. Starfskjarastefnan skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi félagsins í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og borin undir fundinn til samþykktar, synjunar eða breytingar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oft en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund félagsins til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn skal færa til bókar frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins. Að öðru leyti fer með starfskjarastefnu þessa samkvæmt lögum.

Um tillöguna:

Starfskjarastefna er að mestu efnislega óbreytt frá síðasta ári og er samin í grunninn með starfskjarastefnu móðurfélagsins Landsbankans sem fyrirmynd og er í reynd efnislega samhljóða þeirri stefnu. Eins og hjá móðurfélaginu kemur nú inn texti um að starfskjör skuli ekki stuðla að óhæfilegri áhættutöku að því er varðar áhættu tengdri sjálfbærni, sem er í samræmi við lagaáskilnað þar að lútandi.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Stjórn leggur til að eftirfarandi tillaga verði samþykkt um starfskjör stjórnar:

- Stjórnarlaun verði kr. 290.000 á mánuði
- Mánaðarleg greiðsla til stjórnarmanna fyrir setu í undirnefndum verði 85.000 kr. á mánuði
- Laun formanns verði tvöföld stjórnarlaun, kr. 580.000 á mánuði
- Greiðsla til varaformanns stjórnar verði kr. 72.000 fyrir hvern fund sem hann stýrir
- Varastjórnarmaður fái kr. 72.000 fyrir hvern fund sem hann situr í forföllum aðalmanns, þó ekki lægri upphæð en 144.000 kr. á ári

Um tillöguna:

Stjórn gerir tillögu um að stjórnarlaun hækki um 4,7% á milli ára, en leggur jafnframt til að fyrirkomulagi greiðslna fyrir undirnefndir verði breytt. Þannig verði ekki greitt sérstaklega fyrir setu í einstökum nefndum eða til formanns undirnefnda heldur verði um fasta mánaðarlega greiðslu fyrir setu í undirnefndum óháð fjölda nefnda sem einstakir stjórnarmenn sitja í. Þetta er í samræmi við það fyrirkomulag sem er hjá móðurfélaginu. Leggur stjórn til að stjórnarmenn fái þannig til viðbótar 85.000 kr. á mánuði óháð fjölda funda eða fjölda nefnda sem einstakir stjórnarmenn sitja í og að ekki verði greitt sérstaklega fyrir formennsku í undirnefndum.

Með tillögunni er annars vegar horft til ábyrgðar og verkefna stjórnarmanna og hins vegar þeirra launa sem greitt eru fyrir setu í stjórnnum annarra helstu rekstrarfélaga sem og móðurfélaga þeirra. Nú er komin nokkur reynsla á það fyrirkomulag að hafa aðeins þrjá í stjórn Landsbréfa í stað fimm áður og eins að hafa það fyrirkomulag að allir stjórnarmenn sitji í bæði endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Þá hefur stjórn Landsbréfa undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu til að stjórn gegni hlutverki áhættunefndar og er því þessi þriggja manna stjórn með ábyrgðarmikið hlutverk á sínum herðum sem eðlilegt er að sé tekið mið af við ákvörðun um þóknun til stjórnar. Þá þykir eðlilegt í ljósi fyrirkomulagsins að föst greiðsla sé fyrir setu í öllum undirnefndum óháð fjölda nefnda í ljósi þess að öll stjórnin situr jafnframt í undirnefndunum.

8. Breytingar á samþykktum

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á samþykktum Landsbréfa:

- a. 2. gr. samþykka félagsins orðist svo:
„Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða, eignastýring og fjárfestingaráðgjöf, fjárfestingar og lánastarfsemi innan þess ramma sem lög leyfa.

Ákvæðið er fyrir breytingu svohljóðandi:

- „Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sérhæfðra sjóða, eignastýring og önnur starfsemi sem fellur undir starfsleyfi félagsins samkvæmt 27. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, fjárfestingar og lánastarfsemi innan þess ramma sem lög leyfa.“
- b. Orðin „samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög“ í lok 2. mgr. 10. gr. samþykka félagsins falli brott
- c. Í stað orðanna „sbr. þó ákvæði 98. og 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki“ í lok 1. mgr. 21. gr. komi: að gættum ákvæðum laga.
- d. Orðin „um fjármálafyrirtæki og ákvæðum laga um hlutafélög í 2. mgr. 21. gr. falli brott.
- e. Í stað orðanna " um fjármálafyrirtæki, laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, laga nr. 3/2006, um ársreikninga og laga um hlutafélög og ákvæðum reglugerða settum á grundvelli framangreindra laga“ komi: og stjórnvaldsfyrirmæla

Breytingatillögurnar fela ekki í sér efnislegar breytingar heldur eru texti aðlagður að gildandi löggjöf og teknar eru burtu lagatílsanir, sem ýmist voru úreltar eða höfðu ekki sjálfstæða efnislega þýðingu og er markmiðið að gera samþykktirnar þannig úr garði að síður sé ástæða til breytingar verði á lögum í framtíðinni.

9. Önnur mál

Að fundi loknum verður fundarmönnum og fleiri gestum boðið upp á léttar veitingar, en gert er ráð fyrir að aðalfundurinn sjálfur taki um 30 mínútur